

C2


Háskóla Íslands  
Rektor

Reykjavík 27. apríl 1989

Til staðfestingar á viðræðum við háskólayfirvöld um eflingu Háskóla Íslands og leiðir til að auka rannsóknarstarfsemi hefur fjármálaráðuneytið í samráði við menntamálaráðuneytið ákveðið að beita sér fyrir auknum framlögum til rannsóknarstarfsemi á vegum skólans á þessu og næsta ári. Ennfremur verður í samráði við Háskóla Íslands lagt fram aukið fjármagn í þeim tilgangi að efla stjórnun háskólastarfsemi og auka sveigjanleika hennar á grundvelli einstakra deilda. Þá verður Sáttmálasjóði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar.

Af framangreindu tilefni munu ráðuneytin í samvinnu við stjórn Háskóla Íslands beita sér fyrir því að skólinn fái á þessu ári aukið ráðstöfunarfé til rannsóknarstarfsemi samhliða upptöku vinnumatskerfisins svo og til stjórnunarstarfa.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1990 verða gerðar tillögur um sama efni.



Fjármálaráðherra

C2

# Yfirlýsing

rektors Háskóla Íslands  
og  
Félags Háskólakennara

## Vegna kjarasamninga Félags háskólakennara og fjármálaráðherra vorið 1989

Kjarasamningar Félags háskólakennara og fjármálaráðherra, sem undirritaðir voru 27. apríl 1989 fólu m.a. í sér loforð stjórnvalda um fjárveitingar sem hér segir:

- (1) Til greiðslna samkvæmt svokölluðu vinnumatskerfi.  
Á árinu 1989 á upphæðin að vera a.m.k. 16-17 m.kr. auk 4-5 m.kr., sem Háskólinn leggur fram og ríkissjóður endurgreiðir í upphafi árs 1990. Á árinu 1990 skal upphæðin vera a.m.k. 30 m.kr. á verðlagi fjárlaga 1989.
- (2) Til Sáttmálasjóðs til að mæta kostnaði við aukin réttindi félagsmanna til ráðstefnuferða.
- (3) Til að mæta kostnaði við ráðningu fastra stundakennara í 1-3 ára stöður á lektorskjörum.
- (4) Til að greiða 5000 viðbótarvinnustundir til stjórnunarstarfa í deildum háskólans.

Öll þessi atriði eru þættir í kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Aðilar staðfesta hér með þann sameiginlega skilning sinn, sem fram kom í samningaviðræðunum, að það séu einungis félagsmenn í Félagi háskólakennara, sem njóti þeirra réttinda, sem um er að ræða, og að umræddu fé verði einungis ráðstafað í samráði við Félags háskólakennara.

Rvk. 8. 5. 1989

Sigurður Guðmundsson  
Jóhanna P. Matsson

C2

**Samningur**  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
**og**  
**Félags háskólakennara**  
**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

Gildandi kjarasamningur aðila að samningi þessum framlengist til 31. janúar 1990 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Eftirfarandi breytingar taka gildi á samningstímanum.

**1. grein**

Mánaðarlaun skv. grein 1.1.1 með áorðnum breytingum sbr. launatöflu ríkisstarfsmanna nr. 116 hækka um 2,65 % frá 1. apríl 1989, aftur um 1,95 % frá 1. september 1989, um 1,25 % frá 1. nóvember 1989 og um 2 % frá 1. janúar 1990.

**2. grein**

Röðun starfsheita og einstaklinga í launaflokka skal breytt sem svarar til þess að 1/6 hluti félagsmanna færast upp um einn launaflokk. Samstarfsnefnd samningsaðila ákveði breytingar þessar, sem taki gildi 1. júlí 1989.

**3. grein**

Hinn 1. júní 1989 skal starfsmaður fá greidda sérstaka orlofsuppbót að fjárhæð 6.500 kr. er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega fyrir hluta úr starfi á því orlofsári.

**4. grein**

Grein 1.5.7 orðist svo:

Heimilt skal að greiða störf við rannsóknir og stjórnun sem er umfram vinnuskyldu sem yfirvinnu samkvæmt reglum um vinnumat, sem FH og háskólaráð semja og hljóta staðfestingu stjórnvalda og í samræmi við fjárveitingar

## 5. grein

Grein 1.7.1 orðist svo:

Starfsmaður í fullu starfi skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert., sem nemi 30 % af desemberlaunum í 146. launaflokki 4. þrepi. Með fullu starfi er átt við fullt starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili enda hafi hann starfað a.m.k. frá 1. september það ár. Starfsmaður, sem fór á eftirlaun á árinu, en hefði ella fengið greidda persónuuppbót í desember, skal fá hana greidda eigi að síður, enda hafi hann skilað starfi er svarar til a.m.k. hálfis starfsárs á árinu.

Reykjavík 27. apríl 1989

Fjármálaráðherra

*Ólafur Þorgeirson*

*Indriði H. Þólaðsson*

*Þórunn Þórunn*

*Guðni Th. Jóhannsson*

*Ólafur Þorgeirson*

Félag háskólakennara  
með fyrirvara um  
samþykki félagsmanna

*Jóhann P. Melberg*

*Þórunn Þórunn*

*Þórunn Þórunn*

*Þórunn Þórunn*

*Þórunn Þórunn*

*Þórunn Þórunn*